

Aðalfundur Fjarskipta hf.

Aðalfundur Fjarskipta hf. (Vodafone) verður haldinn fimmtudaginn 17. mars 2016 kl. 16:00 á Hilton Reykjavík Nordica að Suðurlandsbraut 2, 108 Reykjavík.

Dagskrá fundarins:

1. Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemi þess á liðnu starfsári.
2. Ákvörðun um hvernig skuli fara með hagnað félagsins á reikningsárinu 2015.
3. Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár lagður fram til staðfestingar.
4. Tillaga um stefnu um arðgreiðslur og/eða endurkaup eigin hluta.
5. Tillaga um starfskjarastefnu félagsins.
6. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna fyrir árið 2016.
7. Kosning stjórnar félagsins.
8. Kosning tveggja fulltrúa í tilnefningarnefnd félagsins í samræmi við starfsreglur stjórnar og starfsreglur tilnefningarnefndar.
9. Kosning endurskoðanda félagsins.
10. Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins:
 - a. Tillaga um lækkun hlutafjár til jöfnunar eigin hluta, sem breytir 4. gr. samþykktanna.
 - b. Tillaga um lækkun hlutafjár, með greiðslu til hluthafa, sem breytir einnig 4. gr. samþykktanna.
 - c. Tillaga um að heimila félaginu kaup á eigin hlutum, sem verður nýr viðauki við samþykktirnar.
11. Önnur mál löglega upp borin.

Tillögur stjórnar til aðalfundar Fjarskipta hf. árið 2016

- I. **Tillaga um ráðstöfun hagnaðar félagsins vegna reikningsársins 2015, sbr. 2. dagskrárliður**
„Stjórn leggur til við aðalfund að ekki verði greiddur út arður til hluthafa vegna rekstrarársins 2015, en vísar að öðru leyti til ársreiknings hvað varðar ráðstöfun á hagnaði ársins og breytingu á eigin fé.“
- II. **Tillaga um stefnu um arðgreiðslur og/eða endurkaup eigin hluta, sbr. 4. dagskrárliður**
„Fjarskipti hf. stefna að því að greiða hluthöfum árlega arð og/eða framkvæma endurkaup eigin hluta sem nemur 30-60% af hagnaði eftir skatta í samræmi við gildandi lög og reglur hverju sinni.“

Við mótun tillagna um arðgreiðslu og/eða kaup á eigin hlutum skal stjórn taka tillit til:

- markmiða fjárstýringarstefnu félagsins
- markaðsaðstæðna
- fjárfestingarþarfar félagsins“

Greinargerð:

Tillagan er efnislega samhljóða tillögu að arðgreiðslustefnu, sem samþykkt var á síðasta aðalfundi félagsins, með þeirri breytingu þó að í stað 20-40% af hagnaði eftir skatta er nú miðað við 30-60% af hagnaði eftir skatta. Þetta gefur félaginu aukið svigrúm til að nýta sér blandaða leið arðgreiðslna og endurkaupa á eigin hlutum umfram gildandi arðgreiðslustefnu.

III. Tillaga um starfskjarastefnu félagsins, sbr. 5. dagskrárliður

“Starfskjarastefna Fjarskipta hf. skv. 79. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

I. gr. Markmið

Stefna stjórnar Fjarskipta hf. um starfskjör forstjóra, stjórnenda og stjórnarmanna hefur það að markmiði að laða að og halda í hæfa stjórnendur sem hafa hagsmuni fyrirtækisins að leiðarljósi. Til að svo megi verða er nauðsynlegt að gera stjórn félagsins kleift að bjóða samkeppnishæf laun og aðrar greiðslur sem tíðkast hjá sambærilegum fyrirtækjum innanlands sem erlendis.

II. gr. Starfskjör stjórnarmanna

Stjórnarmönnum skal vera greidd föst mánaðarleg þóknun í samræmi við ákvörðun aðalfundar ár hvert, sbr. 79. gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995. Tillögu um þóknun gerir stjórnin fyrir komandi starfsár og skal ákvörðun þóknunar byggjast á þeim tíma sem stjórnarmenn verja til starfsins, þeirri ábyrgð sem á þeim hvílir og afkomu félagsins.

III. gr. Starfskjör forstjóra

Stjórn skal gera skriflegan ráðningarsamning við forstjóra félagsins og skulu kjör hans vera samkeppnishæf samanborið við önnur fyrirtæki á markaði.

Fjárhæð grunnlauna og annarra greiðslna til forstjóra skal taka mið af menntun, reynslu og fyrri störfum. Önnur starfskjör skal tilgreina sérstaklega í ráðningarsamningi, svo sem greiðslur í lífeyrissjóð, orlof, hlunnindi og uppsagnarfrest.

Við gerð ráðningarsamnings skal haft að leiðarljósi að ekki komi til frekari greiðslna við starfslok en fram koma í ráðningarsamningi. Heimilt er þó við sérstök skilyrði að mati stjórnar að gera sérstakan starfslokasamning, sé þess þörf.

IV. gr. Umbun til æðstu stjórnenda

Forstjóra er heimilt að leggja fram tillögu fyrir stjórn félagsins um að umbuna æðstu stjórnendum til viðbótar grunnlaunum í formi árangurstengdra greiðslna, afhendingar hluta, hlutabréfa, kaupréttar,



forkaupsréttar og annars konar greiðslna sem tengdar eru hlutabréfum í félaginu eða þróun verðs á hlutabréfum í félaginu, lífeyrissamninga og starfslokasamninga. Með sama hætti er stjórn félagsins heimilt að leggja til sambærilega umbun til forstjóra félagsins.

Við ákvörðun um hvort veita skuli æðstu stjórnendum umbun til viðbótar grunnlaunum skal taka mið af árangri og afkomu félagsins ásamt þeim árangri sem einstaka starfsmenn hafa náð. Einnig skal taka mið af stöðu, umfangi og ábyrgð starfs, frammistöðu og framtíðarmöguleikum viðkomandi stjórnanda innan félagsins.

Við ákvörðun árangursgreiðslna skulu hagsmunir félagsins hafðir að leiðarljósi. Þess skal sérstaklega gætt að þessar greiðslur hvetji til árangurs í samræmi við rekstrarmarkmið félagsins og samræmist eðlilegum og heilbrigðum viðskiptaháttum. Umbun til æðstu stjórnenda skal því samræmast tilgangi og hagsmunum fyrirtækisins til lengri tíma.

Miða skal við að ákveðinn hluti af raunhagnaði félagsins sé til ráðstöfunar til kaupaukagreiðslna til yfirstjórnar, millistjórnenda og annarra lykilstarfsmanna félagsins. Stjórn skal samþykkja fyrirfram ákveðinn ramma sem forstjóri fær til að ákveða árangursgreiðslur til annarra stjórnenda og lykilstarfsmanna.

Til upplýsinga skal þess getið að stjórn Fjarskipta hf. hefur enga samninga gert um kauprétti starfsmanna að hlutum í félaginu og stendur það ekki til.

V. gr. Samþykkt starfskjarastefnu og fleira

Starfskjarastefna félagsins skal tekin til afgreiðslu á aðalfundi þess og skal hún tekin til endurskoðunar ár hvert og borin undir aðalfund til samþykktar eða synjunar.

Starfskjarastefna er bindandi fyrir stjórn þess að því er varðar ákvæði um kaupréttarsamninga og hvers konar samninga eða greiðslur er fylgja þróun verðs á hlutabréfum í félaginu, sbr. 2. mgr. 79. gr. a. laga nr. 2. 1995 um hlutafélög. Að öðru leyti er stefnan leiðandi fyrir félagið og stjórn þess. Stjórn félagsins skal bóka sérstaklega öll veruleg frávik frá starfskjarastefnunni og skulu frávik studd greinagóðum rökum. Gera skal grein fyrir frávikum á næsta aðalfundi félagsins.”

Greinargerð:

Stjórn leggur til að óbreytta starfskjarastefnu frá síðasta aðalfundi og þarfnast hún því ekki skýringa.

IV. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna fyrir árið 2016, sbr. 6. dagskrárliður

„Stjórn leggur til við aðalfund að stjórnarlaun komandi starfsárs verði sem hér segir:

- a)** Stjórnarformaður fái kr. 500.000 á mánuði.
- b)** Aðrir stjórnarmenn fái kr. 250.000. á mánuði.
- c)** Varastjórnarmenn og kosnir meðlimir tilnefningarnefndar fái kr. 100.000 fyrir hvern setinn fund.
- d)** Formenn undirnefnda fái kr. 100.000 á mánuði.

e) Aðrir nefndarmenn undirnefnda fái kr. 50.000. á mánuði.

Greiðslur til endurskoðenda skulu vera samkvæmt reikningi.“

V. Kosning endurskoðanda félagsins, sbr. 9. dagskrárliður

„Stjórn félagsins leggur til við aðalfund að Deloitte ehf. verði endurskoðunarfélag Fjarskipta hf.“

VI. Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins, sbr. 10. dagskrárliður

a) Tillaga um lækkun hlutafjár til jöfnunar eigin hluta, sem breytir 4. gr. samþykktanna.

„Stjórn Fjarskipta hf., kt. 470905-1740, leggur til við aðalfund félagsins sem haldinn er þann 17. mars 2016 að hlutafé félagsins verði lækkað um kr. 90.951.640 að nafnverði, eða sem nemur 9.095.164 hlutum, m.a. á grundvelli VIII. kafla laga nr. 2/1995, um hlutafélög, til jöfnunar eigin hluta. Verði tillagan samþykkt þá lækkar nafnverð hlutafjár félagsins úr kr. 3.361.388.890 í kr. 3.270.437.250 sem skiptist í 327.043.725 hluti. Lækkunin tekur einvörðungu til eigin hluta félagsins sem það hefur eignast með kaupum á markaði undanfarin misseri í samræmi við samþykktar endurkaupaáætlanir stjórnar sem aðalfundir 2014 og 2015 veittu heimild fyrir. Miðast lækkunin við stöðu eigin hluta við lok árs 2015. Nafnverð hlutafjár samkvæmt 4. gr. samþykkt félagsins tekur breytingum í samræmi við ofangreinda tillögu um niðurfærslu hlutafjár ef hún verður samþykkt.“

Greinargerð:

Stjórn Fjarskipta hf. leggur fyrir aðalfund haldinn 17. mars 2016, tillögu um að hlutafé félagsins verði fært niður um kr. 90.951.640 að nafnverði, eða sem nemur 9.095.164 hlutum. Hlutina hefur félagið sjálft eignast með kaupum á markaði í samræmi við endurkaupaáætlanir sem heimild var veitt fyrir á aðalfundum 2014 og 2015. Niðurfærsla á eigin hlutum er því liður í framkvæmd þeirra endurkaupaáætlana, en eitt af megin markmiðum þeirra var að lækka útgefið hlutafé félagsins. Miðast lækkunin við stöðu eigin hluta við lok síðasta reikningsárs. Aðeins er um að ræða reikningshaldslega aðgerð og mun niðurfærslan ekki hafa áhrif á hlutafé í eigu annarra hluthafa en félagsins sjálfs og munu engir fjármunir renna til hluthafa eða annarra, í tengslum við niðurfærsluna. Verði tillagan samþykkt mun hlutafé félagsins verða kr. 3.270.437.250, eða sem nemur 327.043.725 hlutum. Þannig mun nafnverð hlutafjár samkvæmt 4. gr. samþykkt félagsins breytast í samræmi við framangreint ef tillagan verður samþykkt.

b) Tillaga um lækkun hlutafjár, með greiðslu til hluthafa, sem breytir einnig 4. gr. samþykktanna

„Stjórn Fjarskipta hf., kt. 470905-1740, leggur til við aðalfund félagsins sem haldinn er þann 17. mars 2016 að hlutafé félagsins verði á grundvelli 2. tl. 2. mgr. 51. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög, lækkað með greiðslu af eigin fé til hluthafa þess, að fjárhæð kr. 2.500.000.000. Lækkunin verði að nafnverði, kr. 545.256.270 eða sem nemur 54.525.627 hlutum. Lækkunarfjárhæð sem er umfram nafnverð, eða kr. 1.954.743.730 mun verða færð til lækkunar á yfirverðsreikningi. Lækkunin fer að öðru leyti fram í samræmi við reglur VII. kafla sömu laga. Greiðsla til hluthafa, ef tillagan verður samþykkt, mun fara fram í kjölfar þess að öllum lagalegum skilyrðum hefur verið fullnægt. Með fyrirvara um að lagalegum skilyrðum verði fullnægt verður lækkunin greidd hlutfallslega til hluthafa félagsins miðað við skrá virkra (útistandandi) hluta við lok dags 20. apríl 2016.“

Verði tillagan samþykkt, og að teknu tilliti til þess að tillaga um lækkun hlutafjár til jöfnunar eigin hluta hafi áður verið samþykkt, þá lækkar nafnverð hlutafjár félagsins í heild úr kr. 3.270.437.250 í kr. 2.725.180.980 sem skiptist í 272.518.098 hluti. Nafnverð hlutafjár samkvæmt 4. gr. samþykktu félagsins tekur breytingum í samræmi við þessar tillögur um niðurfærslu hlutafjár.

Fyrir fundinum liggur yfirlýsing stjórnar um að eftir fyrirhugaða hlutafjárlækkun eigi félagið fyrir skuldbindingum sínum og að skuldir séu lækkuninni ekki fyrirstaða. Endurskoðandi félagsins hefur staðfest þá yfirlýsingu á grundvelli fyrirliggjandi ársreiknings. Þá byggir mat endurskoðanda og stjórnar einnig á upplýsingum úr rekstraráætlunum félagsins fyrir árið 2016. Þá liggur einnig fyrir það mat helsta lánardrottins félagsins að hann telji hag sinn ekki skerðast við lækkun hlutafjár.

Verði tillagan samþykkt ætlar stjórn félagsins sækja um undanþágu frá innköllunarskyldu, sbr. heimild í 2. mgr. 53. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélag, en lækkunin verður í kjölfarið framkvæmd að öllum öðrum lagalegum skilyrðum uppfylltum.“

Greinargerð:

Stjórn Fjarskipta hf. leggur fyrir aðalfund tillögu um að hlutafé félagsins verði fært niður um kr. 545.256.270 að nafnverði, eða sem nemur 54.525.627 hlutum. Samkvæmt tillögunni er lagt til að greiða til hluthafa kr. 2.500.000.000. Þeirri fjárhæð sem er umfram lækkun nafnverðs verður ráðstafað af yfirverðsreikningi. Verði tillagan samþykkt, og að teknu tilliti til þess að tillaga um lækkun hlutafjár til jöfnunar eigin hluta hafi áður verið samþykkt, þá lækkar nafnverð hlutafjár félagsins úr kr. 3.270.437.250 í kr. 2.725.180.980 sem skiptist í 272.518.098 hluti. Nafnverð hlutafjár samkvæmt 4. gr. samþykktu félagsins breytist í samræmi við framangreindar tillögur um niðurfærslu hlutafjár.

Það er mat stjórnar félagsins að fjármagnsskipan þess sé nú með þeim hætti að rétt sé að færa hlutaféð niður og leitast þannig við að lækka eiginfjárlutfallið, sem í árslok 2015 var 58,7%. Stjórn félagsins hefur það að markmiði að eiginfjárlutfallið verði sem næst 40%, en að lokinni niðurfærslu hlutafjár yrði það um 43%.

c) Tillaga um að heimila félaginu kaup á eigin hlutum.

„Félaginu er heimilt, í samræmi við 55. gr. hlutafélagalaga nr. 2/1995, að kaupa allt að 10% af eigin hlutum í þeim tilgangi að koma á viðskiptavakt með hluti í félaginu og/eða til að setja upp formlega endurkaupaáætlun skv. 116. gr. laga um verðbréfaviðskipti eða á grundvelli 1. tölul. 3. mgr. 115. gr. og 2. mgr. 119. gr. laga um verðbréfaviðskipti og reglugerða sem settar eru á grundvelli 118. og 131. gr. sömu laga. Heimild þessi gildir í 18 mánuði frá samþykkt hennar.“

Greinargerð:

Heimild þessi um kaup á eigin hlutum er samhljóða heimild frá síðasta aðalfundi. Í samræmi við 30. gr. samþykktu félagsins verður heimildarinnar getið í sérstökum viðauka við samþykktir félagsins, fáist hún samþykkt.